

# Ársskýrsla 2022

## Félagið Femínísk fjármál



Femínísk fjármál

Kt. 470519-4010

27. nóvember 2023



## Skýrsla stjórnar um starfsárið 2022

Félagið Femínísk fjármál var stofnað árið 2018. Tilgangur félagsins er að efla þekkingu á kynjuðum fjármálum og veita stjórnvöldum aðhald. Félagið varð aðili að Kvenréttindafélagi Íslands árið 2019. Félagið hefur vaxið jöfnum skrefum frá stofnun þess og var mikill stígandi í starfsemi félagsins á árinu.

### Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn 18. október, kl. 17:00-18:00, í Veröld - Húsi Vigdísar og á Zoom. Kosnar voru í aðalstjórn félagsins þær Auður Inga Rúnarsdóttir, Finnborg Salome Steinþórsdóttir, og Steinunn Rögnvaldsdóttir. Í varastjórn hlutu kosningu þær Freyja Barkadóttir, Sigríður Finnbogadóttir og Steinunn Bragadóttir.

Stjórnin fundaði 6 sinnum auk þess sem stjórn réði ráðum sínum milli funda með rafrænum samskiptum.

### Umsagnir

Á árinu 2022 sendi félagið frá sér þrjár umsagnir til Alþingis.

- **Umsögn um fjármálaáætlun 2022-2026 (9.02.2022)**
  - Í umsögninni er dregin athygli að framförum í fjármálaáætlun og fjárlögum undangenginna ára, að því leyti að kynja- og jafnréttissjónarmið eru meira áberandi. Þannig eru tillögur í fjármálaáætlunum og fjárlögum oftast greind frá kynjasjónarmiðum og dregið fram hver jafnréttisáhrif efnahagslegra ákvarðana eru.
  - Í umsögninni, líkt og í fyrri umsögnum, er leggur félagið áherslu á mikilvægi þess að greiningar á jafnréttisáhrifum hafi bein áhrif á ráðstöfun fjármuna, verklag, áherslur og viðmið, enda eru greiningar til lítills ef þær hafa ekki áhrif á forgangsröðun og aðgerðir.
  - Í umsögninni bendir félagið enn og aftur á stöðuna í heilbrigðiskerfinu í kjölfar Covid-faraldursins. Félagið bendir á að útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af landsframléiðslu sé lægst hér af öllum Norðurlöndunum og að fjármagn þurfi til að koma í veg brottfall heilbrigðisstarfsfólks af vinnumarkaði, vegna kulnunar og örmögnunar starfsfólks kerfisins, en m.a. heilbrigðiskerfinu er haldið uppi af stórum kvennastéttum.
  - Félagið hvatti til aukinnar áherslu á fjárfestingu í mannauði, heilsu og lífsgæðum almennings, s.s. með fjölgun hjúkrunarrýma, aukinni heimahjúkrun og heimaþjónustu, endurhæfandi stuðningsúrræðum, hækkun almannaþrygginga, umtalsverðri styttingu biðlista í heilbrigðisúrræði og



aðgerðir, og brúun umönnunarbilsins í samvinnu við stjórnvöld á sveitastjórnarstigi.

- Umsögnin er aðgengileg á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/alttext/erindi/152/152-3239.pdf>
- **Umsögn um frumvarp til fjárlaga árið 2023 (7.10.2022)**
  - Í umsögninni bendir félagið á mikilvægi þess að stjórnvöld beiti sér fyrir því að fleiri aðgerðir í fjárlögum stuðli að auknu jafnrétti og færri aðgerðir viðhaldi óbreyttu ástandi. Þar er bent á að lítið beri á aðgerðum í frumvarpinu til að bregðast við helstu áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í jafnréttismálum eins og launamisrétti, kynskiptum vinnumarkaði, ójafni umönnunarábyrgð kynjanna og heilsubresti kvenna.
  - Í umsögninni lýsir félagið einnig yfir áhyggjum sínum um fjármögnun aðgerða til leiðrétta virðismat kvennastarfa, en lítil merki eru í frumvarpinu um að stjórnvöld séu að undirbúa þá aðgerð sem framundan er, með tilliti til tekjuöflunar.
  - Félagið vekur einnig athygli á aðbúnaði og álagi sem margar kvennastéttir búa við, t.d. á Landspítalanum, en bæta verður í fjárveitingar til að leysa manneklu og álag sem myndast hefur í heilbrigðiskerfinu á síðustu árum. Þrátt fyrir að slíkar aðgerðir séu kostnaðarsamar þá munu þær ekki aðeins leiða til jákvæðra breytinga fyrir stórar kvennastéttir, heldur til lengri tíma einnig leiða til jákvæðra efnahagslegra áhrifa, s.s. aukinna tekna ríkissjóðs vegna aukinnar atvinnuþátttöku og minni útgjalda vegna almannatrygginga og heilbrigðisþjónustu.
  - Umsögnin er aðgengileg á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/alttext/erindi/153/153-28.pdf>
- **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sveigjanlega tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi nr. 214/153 (20.10.2022)**
  - Í umsögninni leggst félagið alfarið gegn tillögu til þingsályktunar um svokallaða sveigjanlega tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi og skorar á Alþingi að hafna henni.
  - Í umsögninni er bent á að tillagan fari gegn markmiðum laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020; að tryggja barni samvistir við báða foreldra og að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Jafnframt er bent á að breytingin hafi vítæk áhrif á stöðu og tækifæri kynjanna á vinnumarkaði.
  - Félagið kallar eftir aukinni áherslu stjórnvalda á að brúa bilið milli fæðingarorlofs og dagvistunar með aðgerðum, í samvinnu við sveitarfélög, sem raunverulega leiða til hagsbóta fyrir foreldra, börn og samfélagið allt. Jafnframt kallar félagið einnig eftir að staða tekjulægstu einstaklinga samfélagsins verði styrkt og komið í veg fyrir að tekjuskerðing sem fylgir fæðingarorlofi auki hættu á að börn alist upp við fátækt.
  - Umsögnin er aðgengileg á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/alttext/erindi/153/153-191.pdf>



## Viðburðir

### Opinn félagsfundur Femínískra fjármála, Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum, 5. maí 2022

Á félagsfundinum voru kynnt drög að og rædd umsögn félagsins um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun árin 2023-2027.

## Fjölmiðlaumfjöllun

19. Júní 2022, Steinunn Bragadóttir og Freyja Barkardóttir skrifuðu greinina „Hvers virði eru störf kvenna?“ í blað 19. Júní, ársrit Kvenréttindafélagsins, um sögulegt vanmat á störfum kvennastétta.

15. ágúst 2022, Morgunútvarpið Rás 2: Finnborg S. Steinþórsdóttir ræddi bleika skatta í víðum skilningi, túrfátækt (e. period poverty) og ný lög í Skotlandi sem tryggja að tíðarvörur séu aðgengilegar öllum án endurgjalds.

24. október 2022, Steinunn Rögnvaldsdóttir, Finnborg Salome Steinþórsdóttir, Auður Inga Rúnarsdóttir, Steinunn Bragadóttir, Sigríður Finnbogadóttir og Freyja Barkardóttir skrifuðu greinina „Kynbundið launamisrétti: Að spara til tjóns í jafnréttis- og velferðarmálum“ í Kjarnann. Greinin er aðgengileg hér: <https://kjarninn.is/skodun/kynbundid-launamisretti-ad-spara-til-tjons-i-jafnrettis-og-velferdarmalum/>

## Önnur störf

Félagið hélt úti [Vefsíðu](#) ásamt [Facebook](#), [Instagram](#) og [Twitter](#) síðum á árinu 2022 til að kynna verkefni og starfsemi félagsins.

Félagið átti fund með Mörtu Birnu Baldursdóttur, sem leiðir kynjaða fjárlagagerð í Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, þann 15. mars 2022. Fundurinn er liður í aðgerðum ráðuneytisins og verkefnisstjórnar kynjaðrar fjárlagagerðar til að efla upplýsingagjöf við félagasamtök.